



**ÁRSSKÝRSLA 2011**



  
**MÍMIR**  
símenntun



## ÁRSSKÝRSLA 2011

### EFNISYFIRLIT

	<b>Bls.</b>
Stjórn og starfsfólk Mímis-símenntunar . . . . .	2
Frá formanni stjórnar . . . . .	3
Inngangur framkvæmdastjóra . . . . .	4
Fjölmennning og frístundir . . . . .	6
Nám fyrir atvinnulífið . . . . .	10
Náms- og starfsráðgjöf . . . . .	14
Þróunarverkefni . . . . .	16
Erlent samstarf . . . . .	17
Rekstrardeild . . . . .	18

## STJÓRN OG STARFSFÓLK MÍMIS-SÍMENNTUNAR Í MAÍ 2012



### Í stjórn Mímis-símenntunar sitja:

Frá vinstri: Sigurrós Kristinsdóttir, formaður, Linda Baldursdóttir, Stefán Ó. Guðmundsson, Herdís R. Magnúsdóttir, Ólafur Darri Andrason.



### Starfsfólk Mímis-símenntunar:

Fr.v.: Þór S. Ólafsson, Þórhallur Vilhjálmsson, Anna Sólveig Sigurðardóttir, Erna Björk Gestsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Ingunn Guðmundsdóttir, Vala S. Valdimarsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Lilja Rós Óskarsdóttir, Sólborg Jónsdóttir, Joanna Ewa Dominiczak, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Selma Kristjánsdóttir, Kristín Lóa Viðarsdóttir, Þóra Friðriksdóttir, Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir, Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, Þorbjörg Halldórsdóttir og Hulda Ólafsdóttir.



## FRÁ FORMANNI STJÓRNAR



Sigurrós Kristinsdóttir, formaður stjórnar

- ▶ **Framþróun í framhaldsfræðslu**
- ▶ **Yrkja fær viðurkenningu**
- ▶ **Fleiri nemendur halda áfram**

Framhaldsfræðslan er spennandi vettvangur og mikil þróun er í þessu umhverfi. Liður í framþróun er að fylgjast með því sem er að gerast meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við og mynda tengslanet við þá aðila sem við teljum vera framarlega í þessum málum. Mímir hefur í vaxandi mæli nýtt sér möguleika á styrkjum til að afla sér þekkingar frá nágrannalöndunum og miðla af reynslu sinni.

Það var ánægjulegt að fá tækifæri til að ferðast með hópi nemenda Mímis sem var í starfstengdu námi til Kaupmannahafnar að heimsækja þar skóla og hjúkrunarheimili þar sem fólk miðlaði

reynslu og þekkingu til hvors annars og myndaði persónuleg tengsl. Allir nemendurnir voru af erlendum uppruna og var þetta mikil hvatning fyrir þá.

Mímir og Efling stéttarfélag hafa átt farsælt samstarf um menntun félagsmanna Eflingar til margra ára. Það var því sérstaklega ánægjulegt þegar Mímir-símenntun og Efling-stéttarfélag hlutu viðurkenningu Evrópumerkisins (European Language Label) fyrir nýbreytniverkefni á sviði tungumálanáms og kennslu. Viðurkenningin var fyrir verkefnið Yrkja. Námskeiðið var 200 stundir og sérstaklega ætlað pólskum konum. Það var styrkt af verkefninu „Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun.“

Atvinnuleysið er ennþá mikið á Íslandi og er það mikið áhyggjuefni. Það er hins vegar ánægjulegt að sjá hversu margir atvinnuleitendur hafa nýtt sér tækifæri til náms og bætt stöðu sína á vinnu-markaði. Aukinn fjöldi nemenda fer eftir námslok hjá Mími til náms í formlega skólakerfinu bæði á framhaldsskólalag og í fornám háskólanna. Þannig stuðlar Mímir að því að mæta markmiðum íslenskra stjórnvalda um að hækka menntunarstig þjóðarinnar til þess að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20–66 ára sem ekki hefur hlotið formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% fyrir árið 2020.

Í nánustu framtíð bíða krefjandi og spennandi verkefni. Undirritaður hefur verið þjónustusamningur við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra. Á haustmánuðum mun Mímir bjóða fjölda námskeiða fyrir fatlaða í samstarfi við Fjölmennt og þannig stuðla að því að draga úr aðgreiningu fatlaðra og ófatlaðra sem óska eftir að mennta sig út frá eigin forsendum.

Áfram er verk að vinna og horfum við bjartsýn fram á veginn.

Sigurrós Kristinsdóttir

## INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA




Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri


- ▶ Sjálföryggi nemenda vex við nám
- ▶ Erlendir nemendur
- ▶ Almenn námskeið
- ▶ Rekstur í járnum
- ▶ Áhersla á gæði

Árið 2011 einkenndist af því að ennþá er þjóðfélagið að berjast við efnahagskreppuna, sem birtist okkur í atvinnuleysi, meira og lengra en áður hefur sést á Íslandi í seinni tíma. Það hefur hins vegar verið ánægjulegt að fylgjast með jákvæðum breytingum á nemendum okkar frá því að þeir koma í nám, stundum með vantrú á sjálfum sér og stundum tilneyddir. Sjá hvernig sjálföryggi þeirra og gleðin við að mennta sig vex jafnt og þétt. Við horfum á eftir fólki sem oftast en ekki hefur sett sér markviss framtíðaráform um frekari menntun. Bros nemendanna, þakklætið og eftirvænting þeirra við að takast á við nýjar áskoranir eru mikilvægasta uppskera okkar í framhaldsfræðslunni. Þessi umbun veitir okkur gleði og styrk til að þróa áfram sem öflugur fræðsluadili. Þannig getum við mætt þörfum einstaklinga í leit að öðru tækifæris til náms. Stór hluti nemenda okkar hefur þörf fyrir umtalsverðan stuðning í námi sínu. Mímir hefur leitast við að mæta þeim þörfum með markvissri náms- og starfsráðgjöf, með skimun fyrir lesblindu og sértækum stuðningshópum fyrir nemendur sem stríða við stærðfræðiotta. Hjá Mími hefur í gegnum þetta fjölþætta starf skapast mikil sérfræðipækning við að styðja og styrkja fólk með stutta formlega menntun.

### Nemendastundir 2007–2011



### Fjöldi nemenda 2007–2011





## Erlendir nemendur

Innflytjendur búa oft við lakari aðstæður á vinnu- markaði en heimamenn. Oftar en ekki fær þetta fólk ekki menntun sína frá heimalandi metna og sinnir því gjarnan störfum sem ekki krefjast sérmenntunar. Margir hafa ekki fengið tækifæri eða ekki haft sig í að læra íslensku sem skyldi og standa af þeim sökum verr en innfæddir þegar kemur að því að fá krefjandi störf.

Starfsfólk Mímis hefur lagt metnað sinn í að sinna erlendu fólki á vinnu- markaði bæði atvinnuleit- endum sem og starfandi einstaklingum. Nem- endastundum vegna íslenskunáms fyrir útlend- inga hefur fjölgað um 10% milli ára og er það meira en við höfum séð sl. ár.

Kostnaður nemenda vegna íslenskunáms hefur aukist umtalsvert sl. ár vegna niðurskurðar mennta- og menningarmálaráðuneytisins á styrkjum til kennslunnar. Þrátt fyrir að stéttarfélag styðji félagsmenn sína getur kostnaðurinn hindrað fólk í að sækja námskeið. Hér er þörf viðtækrar stefnu- mörkunar.

## Almenn námskeið

Nemendur Mímis sækja í auknum mæli í almennt nám og margir stefna áfram í nám á framhalds- og háskólastigi. Nemendastundum í almennu

námi fjölgaði um 5.4% árið 2011. Sérstaklega hefur námið Menntastöðir, sem er vottuð náms- leið, verið fjölsótt. Námið er krefjandi og hefur skilað öflugum fólki frá Mími inn í fornámsdeildir háskólanna.

## Rekstur í járnum

Árið 2011 var þungt ár í rekstri Mímis en þrátt fyrir aukna ásókn í nám er verulegur taprekstur hjá félaginu. Í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda um nið- urskurð til Fræðslusjóðs á fjárlögum 2011 ákvað Fræðslusjóður að skera niður greiðslur og nem- endagjöld til fræðsluadila um 7%. Viðsnúningur milli árana 2010 til 2011 er tæpar 60 m. kr. sem er erfitt fyrir reksturinn, enda hækkuðu laun og öll aðföng meðan tekjur drógust saman.

## Horfum björtum augum til framtíðar


Áfram verður lögð áhersla á gæði í öllu starfi Mímis og væntum við þess að fá viðurkenningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu á árinu 2012 sem formlegur fræðsluadili.

Stjórn og starfsfólk Mímis hefur í vetur unnið að stefnumótun fyrirtækisins og hafa allir starfsmenn tekið virkan þátt m.a. í umbótahópum sem hafa skilað gagnlegum hugmyndum og ábendingum.

Það er ómetanlegt fyrir fræðslufyrirtæki að hafa yfir að ráða starfsfólki sem hefur metnað til að vinna af fagmennsku og vilja til að gera stöðugt betur – fyrir það ber að þakka.

*Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri*

## Skipting nemendastunda eftir flokkum 2011



## FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



Sölborg Jónsdóttir, deildarstjóri

- 🕒 **Erlendir atvinnuleitendur – Pólverjar stærsti hlutinn**
- 🕒 **Landnemaskólinn – fjölmeningin blómstrar**
- 🕒 **Íslenskunámskeið fyrir alla**
- 🕒 **Tungumál og frístundir**
- 🕒 **Fagnámskeið og Félagsliðabré**

Námskeið fyrir erlenda atvinnuleitendur voru umfangsmikill hluti starfsemi deildar Fjölmenningar og frístunda árið 2011. Námsúræði voru í sífelldri þróun með það í huga að styrkja atvinnuleitendur á vinnumarkaði, bæta við þekkingu þeirra og efla persónulegan styrk.


Aukning varð einnig í fjölda tungumála- og frístundanámskeiða en þau sækir fólk á öllum aldri með mismunandi bakgrunn og væntingar til námsins.

Í deildinni Fjölmening og frístundir eru m.a. kennd íslenskunámskeið fyrir útlendinga, námskeið fyrir erlenda atvinnuleitendur, frístunda- og tungumálanámskeið og námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Að auki tilheyrir símsvörun og móttaka fyrir Mími starfi deildarinnar. Þar störfuðu sex einstaklingar á árinu 2011. Lögðust allir starfsmenn á eitt um að þjónusta nemendur og viðskiptavini Mímis-símenntunar sem best á árinu.


### Erlendir atvinnuleitendur – Pólverjar stærsti hlutinn

Námskeið fyrir erlenda atvinnuleitendur tvöfölduðust milli árana 2010 og 2011. Í samvinnu við Vinnumálastofnun var haldið 31 námskeið fyrir fólk af erlendum uppruna en stærsti hluti atvinnuleitenda sem sótti námið var Pólverjar.

### Nemendastundir 2007–2011



### Aldursdreifing í íslensku, frístunda- námskeiðum og tungumálum





## FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



Meirihluti þeirra var karlmenn, eða rúmlega 62%, og höfðu flestir starfað áður í byggingaríðnaði á Íslandi.

Á námskeiðunum fengust nemendur þó ekki einvörðungu við íslenskunám heldur var til að mynda starfsleit, tölvunám, heimsóknir á vinnustaði og útivist hluti af náminu.

Til að veita nemendunum tækifæri til góðrar menntunar sem nýtist þeim höfum við leitast við að kenna jafnt á pólsku og íslensku. Í því skyni höfum við nýtt mannauð pólskra innflytjenda á Íslandi sem hefur menntun og reynslu á sviði kennslu svo sem kennarar, námsráðgjafar, sálfræðingar eða fólk með tölvumenntun.

Sérstök stutt starfsleitarnámskeið voru einnig haldin í samstarfi við Vinnumálastofnun fyrir erlenda atvinnuleitendur á haustönn. Alls voru haldin fimm námskeið fyrir Víetnama, Pólverja, rússnesku- og enskumælandi þátttakendur. Á námskeiðunum unnu nemendur m.a. ferilskrá á íslensku, sóttu um störf rafrænt og unnu verkefni tengd atvinnuleit.

Úrræðin hafa verið í sífelldri þróun hvað varðar kennsluhætti, námsgreinar og námsefni, síðan þau hófust árið 2010, og er nú komin mikil þekking og reynsla af slíkum námshópum. Reynslan sýnir að flestir eru ánægðir og vilja halda áfram að læra íslensku en einnig að þörf er á verklegu



## FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



námi sem tengist störfum á vinnumarkaði í bland við íslensku og aðra námsþætti.

### Landnemaskólinn – Fjölmeningin blómstrar

Segja má að fjölmeningin blómstri í Landnemaskólanum en nemendur eru alla jafna af ólíkum uppruna og með ólíkan bakgrunn. Í Landnemaskólanum fást nemendur við fjölbreytt verkefni sem reyna á frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinnu. Reynir þar á kennara að koma til móts við mismunandi þarfir og getu þátttakenda. Námið er dýrmæt upplifun fyrir marga nemendur, þar sem þeir fá tækifæri til að kynna fólk frá öllum heimshornum og deila reynslu sinni og þekkingu. Alls voru haldnir fimm Landnemaskólar á árinu. Flestir þátttakenda voru atvinnuleitendur sem hafa jafnvel búið á Íslandi árum saman.

### Íslenskunámskeið fyrir alla

Almennum íslenskunámskeiðum fækkaði árið 2011 samanborið við árið 2010 eða um tæp 6%. Alls voru haldin 65 almenn íslenskunámskeið á árinu á stigum 1 til 4 auk sérstakra námskeiða í talþjálfun og ritun. Morgunnámskeið voru vinsæl, en töluverður hluti atvinnuleitenda sækir þau. Íslenskunámskeið fyrir Kínverja var haldið aftur eftir nokkurt hlé og er það ánægjuleg viðbót við fjölbreytta flóru íslenskunámskeiða fyrir sérstaka hópa, eins og Víetnama, Pólverja og rússneskumælandi nemendur. Í þeim hópum talar kennarinn tungumál hópsins en á öðrum námskeiðum er stuðst lítilllega við ensku. Á öllum námskeiðum er þó megináhersla á að nota íslensku sem allra mest.

Nemendur sem sækja íslenskunámskeið sækja oft á tíðum einnig félagsskap og samfélagslegar upplýsingar til skólans en félagsleg einangrun getur oft verið fylgifiskur þess að flytja til nýs lands.



## FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



Meirihluti nemenda á almennum íslenskunámskeiðum var konur.

### Tungumál og frístundir

Fjölbreytt tungumála- og frístundanámskeið eru hluti af starfi Mímis-símenntunar. Alls voru haldin 166 frístundanámskeið á árinu á mót 141 námskeiði árið 2010.

Tungumálanámskeið hafa sótt á og jókst aðsókn á árinu til að mynda í ítölsku, spænsku og þýskunámskeið. Norskunámskeiðin höfðu þó enn vinninginn en 23 norskunámskeið voru haldin á árinu og er það aukning um 23% frá fyrra ári. Einkatímar í tungumálum og þá sérstaklega í ensku, eru ávallt vel sóttir, en nemendastundir í einkatímum voru 187 á árinu. Námskeið í myndlist og kókuskreytingum voru vinsæl auk ýmissa lífsstílnámskeiða.

### Fagnámskeið og félagsliðabré

Á árinu voru haldin fjögur fagnámskeið I og þrjú fagnámskeið II fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu. Nemendur í þessum hópum koma víðsvegar að úr heiminum en hluti af náminu á fagnámskeiði II er fjölmenningsfræðsla og nýtist það öllum nemendum bæði í námi og starfi. Alls fjórir hópar stunduðu nám í félagsliðabré á hvorri önn fyrir sig og á síðasta ári útskrifuðust frá Mími 34 félagsliðar. Á árinu stundaði einnig einn hópur félagsliða framhaldsnám í fötlunarfræðum. Það er ánægjulegt að sjá hve vel bæði fagnámskeiðin og félagsliðabré eru sótt af starfsfólki í heilbrigðisstétt og til marks um þörf fyrir menntun, kraft og þor fólks á vinnumarkaði að svo margir komi í nám.

## NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ




Anna Kristín Gunnarsdóttir, deildarstjóri

- ▶ **Víðtæk þekking og reynsla starfsmanna**
- ▶ **Þróun og umbætur**
- ▶ **Stuðningur við nemendur**
- ▶ **Gott náms- og starfsumhverfi**


Það þarf dugnað, elju og úthald til þess að stunda nám með vinnu. Þó leggja margir það á sig og uppskera aukna þekkingu, bætta möguleika og réttindi á vinnumarkaði. Auk þess fá þeir skemmtilegan félagsskap samnemenda og kennara í kaupbæti. Fyrir marga verður nám að lífsstíl og það er spennandi að fylgjast með því þegar námsmenn, sem hafa af einhverjum ástæðum hætt í skóla, taka flugið. Það er einnig athyglisvert að fylgjast með þeim sem koma til náms fullir kvíða og bognir af erfiðri reynslu, takast á við námið og kveðja í lok námstímans með bros á vör. Auk þeirra sem stunda nám með vinnu eru margir atvinnuleitendur sem nýta aðstæður á vinnumarkaði til þess að bæta við sig þekkingu.

Í deildinni Nám fyrir atvinnulífið eru m.a. kenndar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, auk annarra námsleiða sem þróaðar hafa verið í deildinni fyrir tiltekna hópa eða vegna sérstakra aðstæðna. Þar störfuðu 7 einstaklingar á árinu 2011. Þessir einstaklingar búa yfir breiðri þekkingu og margvíslegri reynslu sem gerir þá vel í stakk búna til þess að þjónusta fjölbreytt samfélag og bregðast fljótt og vel við aðstæðum hverju sinni. Starfsmennirnir veita mikilvæga aðstoð og stuðning sem iðulega skiptir sköpum um árangur og vellíðan nemenda okkar.

### Nemendastundir 2007–2011



### Aldursdreifing í starfsmennta- og almennu námskeiðum





## NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ

### Þróun og umbætur

Nokkrar námsleiðir FA hafa verið vinsælli en aðrar. Má þar nefna Aftur í nám, ætlað einstaklingum sem kljást við lestrar- og/eða skriftarvanda en alls hafa verið haldin hátt á fimmta tug slíkra námskeiða frá því árið 2003. Athygli vekur að karlmenn eru 64% nemendahópsins. Það kemur m.a. vel heim og saman við reynslu úr raunfærnimati meðal iðnverkamanna en þar hefur komið í ljós að lesblindar er algeng í hópi þeirra sem ekki hafa lokið námi í viðkomandi grein. Draga má þá ályktun að lestrar- og/eða skriftarvandi hafi staðið þar í veginum.

Annað vinsælt nám er Grunnmenntaskólinn, ætlað þeim sem vilja taka upp þráðinn eftir námshlé og Þjónusta við ferðamenn (Færni í ferðaþjónustu I og II). Á síðustu árum hafa nokkrir tugir námsþópa lokið hvorri þessara námsleiða hjá Mími. Umsagnir nemenda ásamt reynslunni sem þessu fylgir hafa gefið okkur einstaklega gott tækifæri til þess að meta hvar vel hefur til tekist með innihald og framkvæmd og hvað má betur fara. Í kjölfarið hefur verið unnið þróunar- og endurbótastarf, einkum á námsleiðinni Þjónusta við ferðamenn, en þar hefur átt sér stað samþætting námsgreina, vettvangsnám hefur verið aukið og hvatt er til samvinnu kennara. Fyrir vikið er námið lifandi og minni hættu á endur-




tekningu og skörun. Námskeiðið Þjónusta við ferðamenn (Færni í ferðaþjónustu) var aðlagð að pólskumælandi nemendum og kennt á pólsku og ensku, auk íslensku.

Menntastöðir er lengsta námið á ársgrundvelli, eða 660 kennslustundir og gerir miklar kröfur til nemenda. Standist nemendur kröfur sem þar eru gerðar öðlast þeir rétt til innritunar í undirbúningsdeildir háskóla. Stöðug aðsókn hefur verið í Menntastöðir frá því kennsla hófst árið 2009 en alls hafa 116 nemendur brautskráðst úr Menntastöðum hjá Mími.

Skráning á tiltæku námsefni hjá Mími hófst árið 2011. Unnið hefur verið að samræmingu námsmarkmiða, námsáætlana og námsmats og hefur m.a. verið leitað viðbragða framhaldsskóla hvað það varðar. Markmiðið er að greiða þeim nemendum, sem hug hafa á, leið inn í formlega skólakerfið

### Nemendastundir í Menntastöðum



## NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ



með markvissu námsmati og framsetningu þess. Þessari vinnu verður fram haldið.

Almenna skólakerfið hefur ekki komið vel til móts við þarfir einstaklinga sem hafa íslensku sem annað mál og er hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskóla mun lægra í þeim hópi en meðal annarra Íslendinga. Starfsmenn Mímis munu leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að mæta þörfum þessa fólks og er undirbúningur að þróunarverkefni hafinn.

Aukning hefur verið í starfslokanámskeiðum en auk þess að kenna mörg námskeið í Reykjavík hefur verkefnastjóri Mímis ferðast um langa vegu út á landsbyggðina til þess að auðvelda tímamót þeirra sem eru að ljúka starfsævinni.

### **Mikilvægur stuðningur við nemendur**

Stuðningur við nemendur er mikilvægur þáttur í starfsemi hjá Mími og hefur aldrei verið víðtækari og mikilvægari en á erfiðleikatímum síðustu ára. Efalaust hefðu fleiri helst úr lestinni en raun ber vitni ef ekki væri fyrir stuðning verkefnastjóra, náms- og starfsráðgjafa og annarra starfsmanna sem leggja sig fram við að leiðbeina nemendum, stappa í þá stálinu og hjálpa þeim yfir erfiða hjalla.

Tölvuforrit og vefir sem geta auðveldað nám eru meðal þess sem nemendur Mímis fengu aðgang að á síðasta ári. Sem dæmi má nefna tölvuforrit sem les texta fyrir lesblinda og vef sem býður upp á námskeið í grunnfögunum íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði og tölvum.



## NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ



### **Gott náms- og starfsumhverfi**

Dæmi um nýjung árið 2010 var verkþjálfun nemenda í Færni í ferðaþjónustu. Tilfni þess er að námskráin var samin fyrir fólk sem starfar eða hefur starfað í greininni en unga fólkíð hefur sjaldnast starfsreynslu í ferðaþjónustu. Verkþjálfunin þjónar þannig tvíþættum tilgangi:

Að þjálfa til starfa og að mynda persónuleg tengsl nemenda við fyrirtæki í starfsgreininni. Samtök ferðaþjónustunnar komu á sambandi við fyrirtæki innan sinna vébanda sem voru tilbúin til að taka nemendur í verkþjálfun og ber að þakka fyrir það.

## NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF




Sigríður Dís Gunnarsdóttir, deildarstjóri

- ▶ **Náms- og starfsráðgjöf festir sig í sessi**
- ▶ **Stuðningur við einstaklinga sem hefja nám á ný**
- ▶ **Efling lykilmæna er mikilvæg**
- ▶ **Raunfærnimat er hvatning til frekara náms og starfsþróunar**


Með lögum um framhaldsfræðslu hefur náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu fest sig enn frekar í sessi. Það er fagnadarefni því reynsla náms- og starfsráðgjafa Mímis er að þessi hópur þarf mikinn stuðning og aðstoð til að efla starfshæfni sína og finna námstækifæri við hæfi. Það hefur tekið tíma að markaðssetja þjónustuna en fjöldi viðtala hefur vaxið jafnt og þétt og aldrei verið fleiri en árið 2011. Ráðþegum sem koma að eigin frumkvæði fjölga stöðugt og í fyrsta sinn var kynjahlutfall þeirra sem komu í ráðgjöf jafnt.

Sex fastráðnir náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í verkefninu ýmist allt árið eða hluta úr árinu auk þess sem fleiri ráðgjafar komu inn í tímabundin verkefni. Verkefni náms- og starfsráðgjafa hafa verið mjög krefjandi á þessum tímum mikilla breytinga en það er jafnframt gefandi að geta aðstoðað einstaklinga við að takast á við nýjar áskoranir. Í deildinni starfar hópur náms- og starfsráðgjafa sem hefur mikinn áhuga á starfinu og leggur sig fram við að vinna faglega. Mikil þekking og reynsla hefur verið byggð upp í vinnu með markhópin og stöðug þróun á sér stað. Við erum afar stolt yfir því.

### Fjöldi viðtala 2007–2011



### Ráðþegar eftir aldri 2010 og 2011





## NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

### Stuðningur við einstaklinga sem hefja nám á ný

Margir nemendur hjá Mími eru að hefja nám eftir langt hlé og glíma við námstengdan og persónulegan vanda. Hluti þeirra hefur leitað reglulega eftir aðstoð náms- og starfsráðgjafa. Gerð var tilraun með opna viðtalstíma í hádeginu fyrir nemendur í námsleiðum Mímis til að auka aðgengi nemenda að ráðgjöfinni. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir meðal nemenda og verður haldið áfram. Þá var einnig boðið upp á hópráðgjöf og stuðning við nemendur með lesblindu og prófkvíða.

Margir einstaklingar með stutta skólagöngu sem vilja hefja nám á ný hafa þörf fyrir að styrkja kunnáttu tengda almennum greinum eins og íslensku, ensku, stærðfræði auk tölvufærni. Námsleiðir eins og Grunnmenntaskóli og Almennar bóklegar greinar sem ætlað er að brúa leið yfir í formlega skólakerfið henta mörgum vel og hafa mjög jákvæð áhrif á sjálfstraust nemenda gagnvart námi. Nám í vottuðum námsleiðum má meta til eininga í framhaldsskóla en það er í höndum framhaldsskólanna hvort og hvað hver einstaklingur fær metið. Þetta veldur oft misskilningi og áhyggjum hjá nemendum. Mikilvægt er að efla samstarf um matið milli framhaldsfræðslunnar og framhaldsskólanna.

### Efling lykilfærni er mikilvæg

Formlegt samstarf við Vinnuálastofnun um náms- og starfsráðgjöf sem hófst í lok ársins 2009 hefur gengið vel. Þau tengsl og traust sem hefur myndast með þessu samstarfi auðveldar úrvinnslu ýmissa mála með hag atvinnuleitenda í huga. Ráðgjafar verða áþreifanlega varir við að marga atvinnuleitendur skortir þá lykilfærni og frumkvæði sem starfsleit og atvinnulíf í dag krefst. Náms- og starfsráðgjafar hafa veitt stuðning og ráðgjöf á starfsleitarnámskeiðum og einnig tekið þátt í að útbúa efni og stuðningsgögn við ferilskráargerð og starfsleit sem hefur verið þýtt á pólsku, rússnesku og ensku. Ráðgjafar hafa einnig aðstoðað atvinnuleitendur við að uppfæra Mínar síður hjá VMST en ófullnægjandi skráning þar getur meðal annars leitt til þess að fólk fær ekki tilkynningar um laus störf. Náms- og starfsráð-

gjafar Mímis ganga í mörgum tilvikum frá náms- samningum í umboði VMST sem veitir tækifæri til að kynnast væntanlegum nemendum, kynna betur það námstilboð sem viðkomandi er skráður í og ganga úr skugga um að það sé við hæfi. Einnig að kynna þann stuðning og aðstoð sem Mímir býður upp á fyrir nemendur.

### Raunfærnimat er mikil hvatning til frekari starfsþróunar

Raunfærnimat er í mikilli þróun hér á landi og tóku náms- og starfsráðgjafar þátt í ýmiss konar verkefnum og þróunarvinnu tengdri raunfærnimati. Raunfærnimat er leið til að fá fyrra nám og reynslu metna að verðleikum og hefur jákvæð áhrif á sjálfstraust og áframhaldandi starfsþróun þeirra sem taka þátt.

Tveir hópar fóru í raunfærnimat í skrifstofugreinum á móti námsskrá skrifstofubrautar 1 í Menntaskólanum í Kópavogi og hefur stór hluti þeirra haldið áfram námi á brautinni. Þá fór hópur í raunfærnimat tengt leikskólaliðabraut og undirbúningur undir raunfærnimat í verslun og þjónustu hófst. Ráðgjafar tóku einnig þátt í tveimur verkefnum í raunfærnimati fyrir hljóðmenn í samstarfi við FA og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Það hefur reynst tímafrekt að afla þátttakenda í raunfærnimatsverkefni hjá ákveðnum starfshópum. Hugtakið raunfærnimat og hvað það ferli felur í sér er mörgum enn framandi. Það er mat náms- og starfsráðgjafa hjá Mími að átaks sé þörf í kynningu á raunfærnimati.

Á árinu 2012 verður áframhaldandi áskorun fyrir náms- og starfsráðgjafa Mímis að ná til þeirra sem þurfa mest á hvatningu að halda til að vera samkeppnisfærir á vinnumarkaði. Reynslan hefur sýnt að einstaklingsmiðuð nálgun skilar bestum árangri og er upplifun ráðþega vel lýst með eftirfarandi tölvuskeyti sem ráðgjafi fékk sent: „Viðtalið við þig var eiginlega það sem gerði útslagið í þessu máli og má eiginlega segja að þú hafir svolítið sparkað í mig til að taka ákvörðun og ég er nú fullviss um að ég hafi tekið rétta ákvörðun“.



## ÞRÓUNARVERKEFNI



Mímír-símenntun er virkur þátttakandi í þróunarverkefnum á sviði fullorðinsfræðslu. Flest verkefni eru samstarfsverkefni styrkt af þróunar- og starfsmenntasjóðum.

Eftirfarandi verkefnum var unnið að á árinu:

### Lestrarþjálfun fyrir innflytjendur

Námskeiðið Lestrarþjálfun fyrir innflytjendur var haldið með ellefu þátttakendum frá fimm þjóðlöndum. Áhersla var lögð á að þróa leiðir í lestrar- og skrifstarþjálfun fyrir fólk af erlendum uppruna sem hefur ekki lært latneskt letur auk þess að efla sjálfstraust og persónulega færni nemenda. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

### Evrópumerkið - viðurkenning

Mímír-símenntun og Efling-stéttarfélag hlutu viðurkenningu Evrópumerkisins (European Language Label) fyrir nýbreytniverkefni á sviði tungumálanáms og kennslu. Viðurkenningin var fyrir verkefnið Yrkja. Námskeiðið var 200 stundir og sérstaklega ætlað pólskum konum. Það var styrkt af verkefninu „Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun.“

### Döfmenntaskólinn

Mímír fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu árið 2011 til að þróa grunnám fyrir heyrnarlausu.

Samstarfsaðilar verkefnisins voru Efling stéttarfélag, Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Byggt var á námsskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fyrir Grunnmenntaskólann og námsefni þróað og aðlagð fyrir heyrnarlausu. Aðlögun fólst meðal annars í að taka námsefni á táknmáli upp á myndband.

### Víst getur þú lært stærðfræði

Haustið 2010 fékk Mímír símenntun styrk til að þróa leiðir til að brjóta niður hindranir í stærðfræðinámi fullorðins fólks. Stærðfræðingur og náms- og starfsráðgjafi unnu verkefnið í samvinnu við starfsfólk Mímis. Aðferðir og námsefni voru þróuð með tilliti til hæfni fullorðins fólks með stutta menntun og kennt var á 60 stunda námskeiði vorið 2011. Námskeiðið tókst vel og hefur í framhaldi af því farið af stað samvinna við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þar sem aðferðafræðin er kynnt fyrir stærðfræðikennurum.

### Þjónusta við ferðamenn á pólsku

Á árinu 2011 var Þjónusta við ferðamenn (Færni í ferðaþjónustu I og II) aðlagð að pólskumælandi nemendum og er nýlukið námskeiði þar sem kennsla fór fram á pólsku og ensku, auk íslensku.



## ERLENT SAMSTARF

### Ný tækifæri í nýju landi

Í maí 2011 tóku fjórir starfsmenn Mímis ásamt fulltrúa frá Eflingu og Vinnumálastofnun þátt í Leonardo mannaskiptaverkefni milli Belgíu og Íslands. Í heimsókninni kynntust þátttakendur fjölbreyttum náms- og starfsúrræðum fyrir atvinnuleitendur, innflytjendur og ungt fólk með stutta formlega skólagöngu. Í júní kom hópur Belga og sótti Mími heim og fékk hann m.a. innsýn í samskonar mál á Íslandi.

### Námsferð nemenda í Félagsliðabré

Nemendur á síðustu önn í Félagsliðabré hjá Mími, ásamt kennurum og varaformanni Eflingar fóru í námsferð til Danmerkur sl. haust. Heimsóknin var styrkt af Nordplus Voxen menntaáætluninni. Kynntust nemendur dönsku skólakerfi, hjúkrunarheimilum og möguleikum á starfsþróun. Allir þátttakendur voru af erlendum uppruna og deildu þeir reynslu sinni með slíkum nemendum í skólunum sem voru heimsóttir. Einnig kynntust nemendurnir nýjungum sem tengjast fagi þeirra og starfi. Námsferðin styrkti nemendur faglega og félagslega og hvatti þá til áframhaldandi náms- og starfsþróunar.

### Nýjar aðferðir í tungumálakennslu innflytjenda

Á árinu tók Mímir þátt í Nordplus verkefni er nefnist New Approaches in Immigrant Language Learning. Þetta er samstarfsverkefni fjögurra landa þar sem áhersla er lögð á að deila góðri reynslu og hagnýtum aðferðum í tungumálakennslu innflytjenda.

### Nordplus undirbúningsheimsókn til að skoða fræðslumöguleika fyrir fullorðna innflytjendur

Markmið verkefnisins var að skoða námsframboð, námsráðgjöf, námsaðstoð, kennsluáðferðir og kennsluefni í almennum greinum fyrir fullorðna innflytjendur með stutta formlega menntun sem eru í boði í Danmörku og Noregi, bera það saman við tækifæri á Íslandi og fá innblástur fyrir alþjóðlegt norrænt verkefni. Farið var í tvær heimsóknir haustið 2011 til fyrirtækja í fullorðinsfræðslu í



Kaupmannahöfn og Osló. Vinna er þegar hafin við aðlögun námsefnis að þörfum fólks með íslensku sem annað mál í Grunnmenntaskóla ásamt innleiðingu nýrra kennsluáðferða sem kynntar voru úti.

### ABF i Norden

Framkvæmdastjóri Mímis situr í stjórn Norrænna systursamtaka, ABF i Norden, en markmið þeirra er m.a. að styrkja og þróa samfélags- og menningarleg gildi og einnig að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu. Tveir deildarstjórar fóru á ABF ráðstefnu í Osló vorið 2011. Þar var fjallað um nám og eflingu lykilhæfni á vinnustöðum fyrir þá sem minnstu menntunina hafa.

Framkvæmdastjóri ásamt deildarstjóra MFA og fræðsludeildar ASÍ sóttu ráðstefnu um náms- hvatningu á vinnustað og hlutverk trúnaðarmanna í henni.

## REKSTRARDEILD



Ingunn Guðmundsdóttir, deildarstjóri

- ▶ Tekjur skertar
- ▶ Auðvelt aðgengi að rekstrarupplýsingum mikilvægt
- ▶ Úttekt á gæðakerfi

Umskipti urðu í rekstrarafkomu Mímis milli áranna 2010 og 2011. Árið 2010 var einstaklega hagstætt rekstrarlega og afkoman jákvæð um 10,6%. Umskipti urðu árið 2011 eða neikvæð afkoma um 4,4%. Megin ástæðan var 7% verðlækkun á töxtum í þjónustusamningum Fræðslusjóðs atvinnulífsins og símenntunarmiðstöðva. Þegar við bætist verðbólga má gera ráð fyrir að raunlækkun á verði hafi numið um 11%.

Veigamestu rekstrargjöld starfseminnar eru laun starfsmanna sem eru kjarasamningsbundin og húsaleiga sem fylgir verðlagi. Verðlag á öðrum rekstrarþáttum hefur hækkað í svipuðum mæli. Undir þeim kringumstæðum er erfitt að koma auga á svigrúm til að lækka kostnað. Mímir tekur ekki arð út úr rekstri sínum heldur notar góða rekstrarafkomu eins og árið 2010 til að bæta þjónustu við sína umbyðendur. Fyrirtækið átti inneign á eiginfjár reikningi til að mæta rekstrartapi ársins

2011. Það er samt augljóst að ekki er hægt að búa við slíka skerðingu til lengdar án þess að einnig komi til skerðing á þjónustunni.


### Auðvelt aðgengi að rekstrarupplýsingum mikilvægt

Meðal verkefna Mímis-símenntunar er að annast fræðslu fullorðinna á grundvelli laga um framhaldsfræðslu 27/2010. Mennta- og menningarmálaráðherra skal veita þeim sem annast slíka fræðslu viðurkenningu á að starfsemin uppfylli þau skilyrði sem sett eru í lögnum. Skilyrðin innihalda meðal annars ákvæði um miðlun og varðveislu upplýsinga. Stjórnvöld leggja aukna áherslu á upplýsingagjöf frá þeim aðilum sem starfa fyrir opinbert fé. Það er enn mikilvægara en áður að halda þannig um reksturinn að auðvelt sé að sækja upplýsingar hvort sem um er að ræða fjármál, tölfræði eða aðra þætti starfseminnar.

### Úttekt á gæðakerfi

Á árinu var lokið vinnu við gæðakerfi sem tengir saman alla þætti rekstrarins svokallað EQM (European Quality Mark). EQM er gagnsætt matsferli fyrir fyrirtæki í fullorðinsfræðslu utan hins formlega skólakerfis til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. Á árinu framkvæmdi BSI vottunarskrifstofan tilraunaúttekt hjá Mími í þeim tilgangi að kanna virkni EQM staðalsins til úttekta. Áætlað er að formleg úttekt fari fram á fyrri hluta árs 2012.

### Velta 2007–2011





## Rekstrarreikningur 2011

	2011	2010
<b>Rekstrartekjur</b>		
Námskeiðahald	360.978.892	357.576.997
Aðrar tekjur	27.171.652	24.153.819
	<u>388.150.544</u>	<u>381.730.816</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Kostnaður við námskeiðahald	158.555.183	145.920.731
Laun og tengd gjöld	164.423.437	135.832.238
Annar rekstrarkostnaður	80.818.356	60.582.417
Afskriftir	4.141.705	3.122.221
	<u>407.938.681</u>	<u>345.457.607</u>
<b>Hagnaður/-tap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	-19.788.137	36.273.209
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		
Vaxtatekjur	2.856.585	4.276.083
Vextir, verðbætur og gengismunur	-30.122	-48.380
	<u>2.826.463</u>	<u>4.227.703</u>
<b>Hagnaður/-tap ársins</b>	<u>-16.961.674</u>	<u>40.500.912</u>

## Efnahagsreikningur

	2011	2010
<b>Eignir</b>		
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og tæki	16.566.816	12.488.889
<b>Fastafjármunir</b>	<u>16.566.816</u>	<u>12.488.889</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	17.174.707	4.485.549
Útistandandi v/ óunninna verkefna	10.766.153	8.004.000
Aðrar kröfur	631.112	948.767
<b>Handbært fé:</b>		
Sjóður og bankainnistæður	74.797.436	99.747.182
<b>Veltufjármunir</b>	<u>103.369.408</u>	<u>113.185.498</u>
<b>Eignir alls</b>	<u>119.936.224</u>	<u>125.674.387</u>



## Skuldir og eigið fé

	2011	2010
<b>Eigið fé</b>		
Hlutfé	16.034.301	16.034.301
Óráðstafað eigið fé	37.966.919	69.928.593
<b>Eigið fé</b>	<u>54.001.220</u>	<u>85.962.894</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Próunarsjóður Mímis-símenntunar	13.373.113	0
Ólokin verk samkvæmt þjónustusamningum	25.816.870	13.970.557
Ýmsar skammtímaskuldir	26.745.021	25.740.936
<b>Skuldir alls</b>	<u>65.935.004</u>	<u>39.711.493</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<u>119.936.224</u>	<u>125.674.387</u>

## Sjóðstreymi ársins 2011

	2011	2010
<b>Handbært fé frá/-til rekstrar</b>		
Frá rekstri:		
Hagnaður/-tap af reglulegri starfsemi	-16.961.674	40.500.912
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	4.141.705	3.122.221
	<u>-12.819.969</u>	<u>43.623.133</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur; lækkun/-hækkun	-15.133.656	-9.026.466
Skammtímaskuldir; hækkun/-lækkun	26.223.511	7.178.776
	<u>11.089.855</u>	<u>-1.847.690</u>
<b>Handbært fé frá/-til rekstrar</b>	<u>-1.730.114</u>	<u>41.775.443</u>

## Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	-8.219.632	-5.569.085
Fært í próunarsjóð Mímis-símenntunar	-15.000.000	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<u>-23.219.632</u>	<u>-5.569.085</u>
Hækkun/-lækkun á handbæru fé	-24.949.746	36.206.358
Handbært fé í ársbyrjun	99.747.182	63.540.824
Handbært fé í árslok	<u>74.797.436</u>	<u>99.747.182</u>

